

Reglugjörð

um forðagæslu í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Forðagæslumenn skulu ekki vera fleiri í hverjum hreppi en hjer segir:

1. Í Svalbarðsstrandarhreppi 2
2. - Grýtubakkahreppi 4
3. - Háalshreppi 3
4. - Flateyjarhreppi 2
5. - Ljósavatnshreppi 2
6. - Bárðdælahreppi 2
7. - Skútustaðahreppi 2
8. - Reykdælahreppi 3
9. - Aðaldælahreppi 3
10. - Húsavíkurhreppi 1
11. - Tjörneshreppi 2.

2. gr.

Eftirlitsferðir þær, sem 3. gr. forðagæslulaganna 10. nóv. 1913 skipar fyrir um, skulu forðagæslumenn gera, hina fyrri í nóvembermánuði, en hina síðari frá miðjum mars til miðs apríl. Auk þess skulu þeir hafa sjerstakt eftirlit með þeim heimilum, sem tæpt eru stödd með fóðurbirgðir.

3. gr.

Á gæsluferðum sínum skulu forðagæslumennirnir rannsaka vandlega og semja skýrslur um peningsfjölda, sem á fóðrum er, fóðurbirgðir allskonar og skepnuhirðingu hjá hverjum fjáreiganda, svo og húsakynni handa búpeningi. Skýrslur sínar skulu þeir færa inn í hinar fyrirskipuðu bækur, og eftir hverja skoðun gefa hreppsnefnd tilkynningu um, hvernig ástandið er, og láta fylgja tilögur um hverjar ráðstafanir gera skuli, ef eitthvað það hefir komið í ljós, er þeir telja varahugavert.

4. gr.

Allir þeir, sem kvikfjenað hafa á fóðrum eða til hagagöngu, eru skyldir að hafa hann viðlátinn til þess að sýna hann forðagæslumönnum á þeim tíma, er þeir til taka. Sömuleiðis er öllum fjenaðareigendum skylt að sýna forðagæslumönnum allar fóðurbirgðir sínar og aðstoða þá við rannsókn þeirra.

5. gr.

74

Par sem forðabúr eru til í hreppunum skulu forðagæslumenn vera umsjónarmenn þeirra undir yfirumsjón hreppsnefndar. 3. júní

6. gr.

Þegar búpeningur er framgenginn og ætla má að fóðureyðslu sje lokið að vorinu, skulu forðagæslumenn semja skýrslur um fóðurfyrningar og fjenaðarhöld hjá hverjum fjáreiganda. Er öllum skylt að gefa forðagæslumönnum skýrslur um þetta. Fái forðagæslumaður frá einhverjum fjáreigendum eigi skýrslur, sem hann telur ábyggilegar, skal hann rannsaka hjá þeim fyrningar og fjenaðarhöld.

7. gr.

Allar skýrslur sínar (sbr. 3. og 6. gr.) skulu forðagæslumenn semja eftir fyrirmyndum þeim, sem stjórnarvöldin gefa, og færa þær inn í forðagæslubækurnar.

8. gr.

Um alt það, er að forðagæslu lýtur, og reglugjörð þessi nær ekki til, skulu forðagæslumenn fara eftir fyrirmælum laga um forðagæslu frá 10. nóv. 1913.

9. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 5 til 100 kr., nema meiri hegning liggi við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í sveitarsjóð.

Mál útaf brotum á reglugjörð þessari skulu rekin sem opinber lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu frá 2. nóvember 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 3. júní 1915.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson,

Jón Hermannsson.